

Fundur 15.4.2024 Sjómannskona úr Grindavík.

Góða kvöldið, komið þið sæl og blessuð.

*Það er engin kona hér núna, við erum bara sælir, velkomin.*

Já sælir, komið þið sælir.

Já góða kvöldið.

Er ég sjálf kvenkyns og hef ég ekki að fullu skynjað ykkur sem eruð á fundinum, er það mis jafnt hvort okkur tekst að skynja ykkur til fulls, en þar sem ég þekki ykkur ekki, veitist það mér örðugt að nýta mér til fulls upplýsingarnar, skynjunina til ykkar, en það er fremur bjart hjá ykkur, þykist ég þó skynja.

Og vona ég að ég geti sagt sögu mína, sem ég hef lengi beðið eftir að fá að segja og eru það margir sem eru í mínum hópi og samtökum sem vilja vara ykkur við og fræða fólk á frumlífs jörðunum um ýmsar hættur sem það lendir í og leiða frá frumlífs jörðum til framlífs jarða, hvort sem þær eru lífstefnu gerðinni eða vítis gerðinni.

Og eru nú nokkrir áratugir síðan ég skildi við gömlu jörðina og hef ég stöðugt bætt við mig af fróðleik og þekkingu og vonandi kærleika líka, íslensk kona.

Var ég sjómannskona, vil ég ekki láta nafns míns getið að sinni, maður minn var sjómaður og á ég nokkur afkvæmi og barnabörn meðal ykkar, mun ég kannski koma síðar og segja frá því betur.

En sýnir þær og vitranir sem mér öðluðust, eru sumar komnar fram og eru það atburðirnir í mínum heimabæ sem eru þess valdandi, Grindavík, get ég sagt að ég er þaðan ættuð og frá tuttugustu öldinni.

Ég hef verið ein allt mitt líf hér í framlífi, en sinnt samtökum þessum sem eru kristleg að hluta til, en ekki öllu leiti, þar sem við erum sértrúarsöfnuður og ekki að skapi öllum öðrum kristnum mönnum.

En höfum við fært okkur í nyt andlega hæfileika okkar og ýmiskonar kærleiks boðskap og friðar boðskap.

Og er ég hér í framlífi lífkamlegu þar sem flestir þekkja kenningar dr. Helga Pjeturss og lifa samkvæmt því, en nokkrir aðrir hópar eru utan við það, og erum við einn slíkur hópur.

Hef ég átt þátt í því að móta kenningar þessa hóps og hefur verið tekið undir margt af því sem við höldum fram, hjá öðrum mannkynjum og hópum annarra hnatta og hefur Helgi Pjeturss hlustað af athygli og talið margt af þessu merkilegt, en einnig kirkjunar menn sumir.

Erum við að rannsaka hvernig frumlífs jarðirnar eru aðskyldar frá framlífs jörðunum og hvernig helstefnan verður til og hvernig bölið margvíslegt er til á frumlífs jörðunum, og hvernig megi bæta það.

Höfum við ekki öll svörin, en vil ég byrja á því að upplifunum mínum í jarðlífi mínu á meðan ég var meðal ykkar og hvað af því hefur ræst.

Oft var það svo á meðan ég beið eftir að maðurinn kæmi heim af sjónum og þegar illviðri geisuðu og áhyggjur mínar voru mestar, upplifði ég sýnir frá öðrum heimum og voru þær margar uggvænlegar en sumar þó bjartar og góðar.

Og nokkrar slíkar sýnir fjölluðu um það að Grindavík myndi liðast í sundur og voru það að vísu ekki sama sýnin heldur í sumum tilfellum litlar sprungur eins og mér skilst að hafi komið hjá ykkur á gömlu jörðinni ef ég hef skilið rétt.

*Alveg rétt.*

Og í öðrum sýnum voru það stærri náttúruhamfarir sem skelfdu mig mjög og jafnvel nokkrar aðrar sem breiddust víðar út um landið á lengri tíma og gerðu byggðina erfiða víða nálægt höfuðborginni og jafnvel víðar.

Ekki veit ég hvort mark sé á þessu takandi öllu, þar sem margt af því sem ég upplifði hefur ekki komið fram.

*Ekki enn þá.*

En hef ég þó rætt við margt fólk í þessum hópi mínum sem hefur tjáð sig um eitthvað svipað, en við erum næm og margt af því sem við skynjum kemur ekki fram.

Er Helgi Pjeturss áhugasamur um þetta og margir aðrir og þarf að rannsaka þetta betur, en vil ég einnig segja frá sýn þeirri sem mér finnst eiga erindi við ykkur, og er hún á þá leið að martraðir fékk ég um nokkura mánaða skeið sem vörðu í um það bil ár og komu þær ítrekað en góðar draumfarir á milli, en voru þessar martraðir á þá leið að ég var stödd í sal þar sem ég horfði á ættingja mína í gegnum skjá og gat ég aðeins snert skjáina, en ekki komist til þeirra og liðu þar margir þjánigar, sem ég gat ekki haft áhrif á eða minnkað og olli það mér miklu hugarangri.

Sérstaklega var þetta tengt manningum mínum sem var þá lifandi en lést nokkru síðar og er hann ekki á sama hnetti og ég, er það tengt því að hann hafði fengið sér merki á höndina og átti svo eftir að lenda í erfiðri lífsreynslu.

Og skilst mér að þetta sé mjög algengt á ykkar hnetti nú og tengi ég það við helstefnu og gera það margir á þessum hnetti sem ég er nú á.

Er ég að tala um húðflúr og slíkt, og er það ekki Drottni þókknanlegt, hef ég einnig upplifað margt annað í sambandi við gömlu jörðina, sem snýr að tæknibyltingum og hef ég ekki komið skipulagi á þær sýnir fullkomlega, en koma þar inn í ýmsar verur sem ég kannast ekki við.

Við erum kærleikans megin og biðjum fyrir öllum á gömlu jörðinni og sömuleiðis hjá okkur sem eru hjálpar þurfi.

Og vil ég gjarnan lýsa fjölskyldu aðstæðum mínum betur, en það verður ekki að sinni, er ég Grindvíkingur og þakka ég fyrir mig, Íslensk kona verið þið sælir.

*Vertu blessuð og sæl og takk fyrir sögu þína.*